



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
28. júní 2019

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Þriðji ársfjórðungur 2019

- Á þriðja ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 8-12 ma.kr. að söluvirði¹.
- Útgáfa á nýjum 2ja ára óverðtryggðum ríkisbréfaflokki
- Áformað er að gefa einnig út í flokkunum RIKS 26 0216 og RIKB 28 1115.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2019 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 40 ma.kr. að söluvirði á árinu. Útgáfa á fyrstu 6 mánuðum ársins var samtals 21,3 ma.kr. að söluvirði þar af 10,5 ma.kr. á síðasta ársfjórðungi. Nánari skiptingu á sölu ríkisbréfa má sjá í töflunni hér að neðan.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á öðrum ársfjórðungi

Almenn útboð	Útgáfa í ma.kr	
	Hámark	Raun
RIKB 28 1115	10	6,6
RIKS 21 0414	4	2,1
RIKS 26 0216	9	1,8
Samtals		10,5

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á þriðja ársfjórðungi er áætluð á bilinu **8-12 ma.kr.** að söluvirði. Í upphafi árs var tilkynnt um fyrirhugaða útgáfu á 2ja ára óverðtryggðum flokki á árinu. Skilmálar nýja flokksins verða tilkynntir síðar. Áætluð hámarksútgáfa að söluvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.

Útgáfa ríkisbréfa að söluvirði á þriðja ársfjórðungi 2019

Skuldabréfaflokkar	Hámarksútgáfa í ma.kr.
2ja ára flokkur	8
RIKS 26 0216	6
RIKB 28 1115	8

Möguleiki er á uppkaupum eða skiptiútboðum þar sem ríkissjóður kaupir til baka RIKB20 flokkinn gegn útgáfu í öðrum markflokkum ríkisbréfa. Ávöxtunarkjör, þátttaka og aðstæður á markaði munu ráða því hvort og þá hvaða markflokkar verða boðnir út í skiptiútboðum og hversu mikið verður selt með þeim hætti.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.